



Stúdentafélag

Háskólans í Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Almennt álit.....	3
Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.....	4
Athugasemd nr. 1.....	4
7. mgr. 2. gr. – Nám skipulagt samhliða vinnu ekki aðstoðarhæft nám	4
Athugasemd nr. 2.....	5
1. mgr. 9. gr. – Hámark námsaðstoðar.....	5
Athugasemd nr. 3.....	6
3. mgr. 9. gr. – Takmörkun námsaðstoðar í úthlutunarreglum ef nám er launað	6
Athugasemd nr. 4.....	7
11. gr. - Námsstyrkur.....	7
Athugasemd nr. 5.....	7
4. mgr. 11. gr. – Hámarkstími.....	7
Athugasemd nr. 6.....	8
12. gr. – Almenn skilyrði og hámark námslána og 14. gr. – Lán fyrir skólagjöldum.....	8
Athugasemd nr. 7.....	9
16. gr. – Lánakjör	9
Athugasemd nr. 8.....	9
27.gr. – Staðgreiðsla og félagsgjöld	9
Athugasemd nr. 9.....	10
36. gr. – Lokun skuldabréfa.....	10
Samantekt.....	10

Inngangur

Umsagnaraðili: Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, kt. 540305-0800, Menntavegi 1, 103 Reykjavík.

Dagsetning: 31. ágúst 2016.

Þingmál: Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.

Þingskjal: 1373 – 794. mál. Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (hér eftir „SFHR“) er hagsmunafélag stúdenta við Háskólan í Reykjavík (héreftir „HR“). SFHR fer með þau mál er varða hagsmuni nemenda gagnvart stjórnendum skólans og stjórvöldum og berað standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna.

Akademískar deildir HR eru fjórar: tæknி- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild, viðskiptadeild og lagadeild. Einniger frumgreinadeild sem er undirbúningur fyrir háskólanám sem tekurað öllu jöfnu eitt ár að ljúka. Nýjustu upplýsingar frá Lánaþjóði Íslenskra námsmanna (hér eftir „Lín“ „lánaþjóðurinn“ eða „sjóðurinn“) um fjölda lántakenda sem stunda nám við HR eru frá skólaárinu 2014-2015, en það voru 1688 nemendur af um það bil 3750 nemendum.

Almennt álit

Í frumvarpinu er lagt er til að sjóðurinn veiti námsaðstoð sem skiptist annars vegar í beinan styrk og hins vegar í lán. Við teljum það vera mikill kostur fyrir námsmenn á Íslandi að taka upp styrkjakerfi að norrænni fyrirmynnd. Þannig gætu íslenskir námsmenn fengið stuðning frá ríkinu til þess að stunda námið sitt, auk þess sem sumir gætu sleppt því að skuldbinda sig til lántöku á meðan háskólanámi stendur. Með slíku fyrirkomulagi dreifist fjárstuðningur íslenska ríkisins betur á milli námsmanna og ekki þarf að taka lán til þess að eiga rétt á slíkum stuðning, eins og er í núverandi fyrirkomulagi lánaþjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Athugasemd nr. 1

7. mgr. 2. gr. – Nám skipulagt samhliða vinnu ekki aðstoðarhæft nám

Hingað til hafa nemendur sem stunda nám samhliða vinnu einungis geta fengið lán fyrir skólagjöldunum, en ekki framfærslunni. Í frumvarpinu eru lagðartil breytingar á þessu og nám sem er skipulagt samhliða vinnu á ekki vera aðstoðarhæft hjá sjóðnum. Í HR er master of business administration (MBA) og master of project management (MPM) þær námsleiðir sem eru skipulagðar sérstaklega sem nám samhliða vinnu. Það er yfirleitt um helmingur nemenda í umræddu námi sem taka skólagjaldalán en skólaárið 2014-2015 voru 100 nemendur í HR sem lántakar að skólagjaldaláni fyrirslíku námi samkvæmt upplýsingum frá LÍN. Skólagjöld í MPM námi eru 3.465.000 kr. og skólagjöld í MBA námi eru 3.980.000 kr.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins eru rökin fyrir þessum breytingum meðal annars að það hafi verið fjölgun á undanförnum árum í hópi skóla og námskeiða sem sett eru fram á þennan hátt og því megi gera ráð fyrir því að aðsókn í slík skólagjaldalán eigi áfram eftir að aukast, frekar en ekki.

SFHR telur þennan rökstuðning verulega léttvægan. Aukin aðsókn í nám er jákvæð og ætla má að þessar námsleiðir geri fólk hæfari en áður, leiði til aukinnar þjóðhagslegrar hagkvæmni og stuðli að auknum lífsgæðum fólks. Ef umrætt nám er ekki í boði á Íslandi og fólk þarf að flytja búferlumerlendis til þess að stunda sambærilegt nám leiðir það til þess að lána viðkomandi töluvert hærrí upphæðir en ella, enda er sambærilegt nám mun dýrara erlendis. Stoðum er kippt undan MBA og MPM námi á Íslandi ef þessar breytingar verða að veruleika. MBA og MPM er fjármagnað að stærstum hluta af nemendum sjálffum og því veruleg hætta á að rekstrarforsendur námsins muni bresta. Stjórnendur skólans þyrftu að endurhugsa námsleiðirnar frá grunni og jafnvel leggja þær af. Skólinn leggur í dag sérstaka áherslu á nýsköpun en með fyrirhuguðum breytingum er hætta á verulegu bakslagi og sem dæmi má nefna að HR er eini skólinn sem bíður upp á sérhæft nám í verkefnastjórun. Í þessu samhengi má einnig benda á að líkur eru á að umræddar námsleiðir breytist í fullt nám, eða hreinlega leggist af, ef af þessum breytingum verður sem svo leiðir til þess að nemar sækja um skólagjaldalán og fá þá einnig rétt á framfærsluláni sem auka munu heildarútgjöld LÍN.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur einnig fram að markmið sjóðsins hafi verið frá upphafi að lána fólk í fullu námi fyrir framfærslu og eftir atvikum fyrir skólagjöldum og að það sé því ekki í samræmi við þá megin hugsun að veita skólagjaldalán til einstaklinga sem eru í fullri vinnu og ætla að auka við menntun sína í því skyni að auka tekjumöguleika.

SFHR telur að það verði að hafa í huga að markmið laganna er að tryggja tækifæri til náms án tillits til efnahags. Ekki er hægt að fullyrða að einstaklingar sem fara í nám sem er skipulagt samhliða vinnu séu í fullri vinnu eða í vinnu yfir höfuð. Þó að slíkir nemendur séu yfirleitt virkir á vinnumarkaði eru þeir líklegir til að hafa fjárhagslegar skuldbindingar og eiga erfitt með að fara í nám sem ekki væri aðstoðarhæft. Einnig eru ekki allir sem hafa aðgang að stuðningi annars staðar frá til þess að fjármagna námið sitt. Það er stór ákvörðun að fara í nám samhliða vinnu og því fylgir aukinn kostnaður. Í einhverjum tilfellum eru atvinnurekendur að greiða skólagjöld, annað hvort að fullu eða að hluta, en óraunhæft er að ætla að almennur lánamarkaður taki við þessum einstaklingum, sérstaklega ef um er að ræða fólk sem er jafnvel án atvinnu.

Einstaklingar fara oft í nám þegar þeir missa vinnuna tímabundið. Í þessu samhengi má benda á að einstaklingar sem missa atvinnu og eiga rétt á atvinnuleysisbótum er aðeins heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 10 ECTS-einingumá námsönn enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánaþjóði íslenskra námsmanna, samkvæmt 2. gr. 52. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. sömu laga er Vinnumálastofnun þó heimilt að meta þegar sérstaklega stendur á hvort sá er stundar nám á háskólastigi sem nemur allt að 20 ECTS-einingum á námsönn uppfylli skilyrði laganna enda sé um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánaþjóði íslenskra námsmanna. Skilyrði er að námið kunni að nýtast hinum tryggða beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skal hinn tryggði leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið. Hinn tryggði á þá rétt til skertra atvinnuleysisbóta fyrir sama tímabil og skal Vinnumálastofnun meta skerðinguna á tryggingahlutfalli sem hann á rétt til kv. 15. eða 19. gr. í samræmi við umfang námsins.

Sá sem missir vinnuna er í erfiðri stöðu, á hann að A) vera á atvinnuleysisbótum? B) fara í skipulagt nám samhliða vinnu án skólagjaldalána frá LÍN og á engum atvinnuleysisbótum?

Einstaklingur sem missir atvinnu tímabundið og hefur bæði áhuga og vilja til þess að stunda fullt nám sem er skipulagt samhliða vinnu á ekki rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar ef hann hyggst stunda fullt nám sem er 30 ECTS-einingar.

Ef þessar breytingar verða á skólagjaldalánum þá virðist þetta stefna í að fjárhagur fólks skipti hér öllu máli, þ.e. að einstaklingar geti aðeins farið í umrætt nám sem hann getur fjármagnað sjálfur. Hætta er á að fjölbreytileiki einstaklinga ínáminu minnki og aðeins þeir sem eru efnaðir eða þeir sem starfa hjá fyrirtækjum sem kosta þá til náms sæki í MPM og MBA. Stór hluti fólks sem fer í MBA og MPM nám í dag, fjármagnar skólagjöld sín með láni frá LÍN og er skólagjaldalán því grundvallar forsenda fyrir náminu. Því er fyrirsjánleg töluberð fækkun nemenda ef af þessu verður. SFHR gerir því alvarlegar athugasemdir við þessa fyrirhuguð breytingu á skólagjaldalánum enda er hætta á að umrædd tillaga útiloki ákveðinn hóp fólks og þeirra tækifæri til frekara náms.

Athugasemd nr. 2

1. mgr. 9. gr. – Hámark námsaðstoðar

Veitt verður námsaðstoð að hámarki 420 ECTS-eininga sem jafngildir sjö árum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi má benda á að námsstyrkurinn er veittur í fimm ár að hámarki sem samsvarar 300 ECTS-einingum ef námsmaður nær ávallt fullum námsárangri. Styrkurinn er veittur að hámarki í 45 mánuði óháð því hvort veittur er fullur styrkur á hverju missiri eða hlutfallslegur, og eingöngu í þeim mánuðum sem nám er stundað skv. 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Í úthlutunarreglum 2016-2017 getur hver námsmaður fengið námslán fyrir allt að 480 ECTS-einingum. Þessur er skipt niður á námsstig þannig að 180 ECTS-einingar eru vegna grunnáms, 120 ECTS-einingar vegna meistaranaáms, 60 ECTS-einingar vegna doktorsnáms og 120 ECTS-einingar sem námsmaður getur nýtt í nám að eigin vali. Í úthlutunarreglum 2015-2016 voru heildareiningar 540 ECTS-einingar, árið 2014-2015 voru heildareiningar 600 ECTS-einingar og ljóst er að fjöldi lánshæfra ECTS-eininga hefur ört farið fækkandi á síðustu árum.

Kosturinn við breytingarnar sem lagðar eru til í 9. gr. frumvarpsins er að um heildarsvigrúm við ráðstöfun eininga á milli námsstiga verður að ræða fyrir hvern einstakling og nýting á einingum ekki háð takmörkun á milli námsstiga eins og í núverandi kerfi. Þannig fá námsmennaukið frelsitilað stjórn

því hvernig þeir nýta rétt sinn til námsaðstoðar að miklu leyti. Einstaklingur getur til dæmis notað allar lánshæfareiningartil grunnáms eða nýtt þær aðeins á seinni stigum náms.

SFHR telur það vera fagnaðarerindi að nemendur geti ráðið sjálfir hvernig þeir vilja haga einingum sínum en gerir hins vegar athugasemdir við lækkun lánshæfra eininga.

Í gildandi lögum er ekki kveðið á um hámark á lánshæfum einingum en í 3. mgr. 6. gr. laganna segir: „Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju missiri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað.“ Fjöldi eininga hefur því verið útfærður nánar í úthlutunarreglum ár hvert. Með frumvarpinu á að lögfesta fjölda lánshæfra eininga í 420 ECTS-einingar og virðist ekki vera svigrúm til þess að taka tillit til einstakra námsgreina eða annarra atvika og hækka fjöldann í úthlutunarreglum. Orðalagið gefur hins vegar til kynna að það sé hægt að lækka fjölda lánshæfra eininga enda segir í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins „ Námsaðstoð er veitt að hámarki til 420 ECTS-eininga“. SFHR leggur til að orðalagið sé endurskoðað.

Athugasemd nr. 3

3. mgr. 9. gr. – Takmörkun námsaðstoðar í úthlutunarreglum ef nám er launað

Í 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins segir: „Heimilt er að mæla fyrir um takmörkun námsaðstoðar í úthlutunarreglum ef nám er launað“. Í athugasemdum við 9. gr. segirað sjóðnum sé heimilt að mæla fyrir um takmörkun námsaðstoðar ef nám er launað. Slíkt geturt t.d. átt við um launað starfsnámlækna og mögulega iðnnema. Í vissum tilvikum getur verið eðlilegt að námsmenn eigi rétt á námslánnum jafnvel þótt nám sé launað, einkum ef laun í náminu duga ekki til að framfleyta námsmanni. Í öðrum tilvikum gæti skotið skökku við að veita námsaðstoð fyrir launað nám þar sem laun ættu almennt að geta staðið undir framfærslu námsmanns og starfsnámið í raun líkara launaðri vinnu en námi. Því er lagt til í frumvarpinu að heimilt verði að mæla fyrir um takmörkun námsaðstoðar í úthlutunarreglum ef nám er launað. Í úthlutunarreglum 2016-2017 segir í kafla 1.1.: „Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnámlækna.“

Starfsnám er mikilvægt til að efла tengsl við atvinnulífið og þetta veitir nemum tækifæri til að kynnast betur til vonandi starfsvettvangi, ásamt því að tengja námið við raunhæf viðfangsefni í raunverulegu vinnuumhverfi. Nemendur koma til baka með reynslu sem þeir miðla inn í skólastarfið. Þeir stækka tengslanetið sitt og auka möguleika sína á að fá starf að námi loknu, enda eykur starfsnám starfshæfni þeirra.

SFHR hefur áhyggjur af þessu ákvæði sem er mjög opið. Starfsnám sem nemendur í HR fara í er í langflestum tilfellum ólaunað en ef breytingar verða á því og atvinnurekendum verði heimilt að greiða nemum laun getur umrætt ákvæði haft áhrifá nemendur sem fara í stafsnám. Starfsnám í HR eru firleitt 6 einingar og gera má ráð fyrir því að greiðslur fyrir starfsnám geti verið misháar.

Ef stjórn LÍN takmarkar námsaðstoð í úthlutunarreglum fyrir launað nám getur það leitt til þess að aðsókn í starfsnám minnkar svo að fólk geti fengið fulla námsaðstoð. Fjárhæð námsaðstoðar, bæði námsstyrkurninn og lánin lækka í réttu hlutfalli við námsárangur frá fullri námsframvindu að lágmarksnámframvindu samkvæmt 10. gr. frumvarpsins. Sá sem fer í launað starfsnám er því í hættu á að tapa 6 einingum af fjárhæð námsaðstoðar.

SFHR leggur til að styrkurinn lækki ekki þó að einstaklingur fari í launað starfsnám en hins vegar er eðlilegt að tekjurnar hafi áhrif á upphæð framfærslulána. SFHR vildi vekja athygli á þessu vegna þess að heimild stjórnar LÍN er opin og lánasjóðskenfi á ekki að hafa þau áhrif á að nemandi fari ekki í starfsnám þar sem hann hefur möguleika á að auka þekkingu sína og hæfni á viðkomandi sviði.

Athugasemd nr. 4

11. gr. - Námsstyrkur

Námsstyrkur er greiddur út í lok missiris að uppfylltum námsframvindukröfum skv. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

SFHR bendirá að það þurfi að vera ljóst hvort að nemendur geti sótt um styrkinn aftur í tímann og ef svo er hversu langt aftur í tímann.

Dæmi 1:

Einstaklingur hefur lokið grunnámi eftir gildistöku nýja kerfisins og stefnir á að hefja meistaránám í kjölfar þess og mun þar með ljúka námi „á réttum tíma“. Hann mun ekki fara í frekara nám á næstu árum. Hefur hann möguleika á að sækja um námsstyrkina aftur í tímann fyrir þessi þrjú ár sem hann hefur lokið, aðeins ákveðið tímabil aftur í tímann eða getur hann einungis fengið styrk fyrir þessitvo ár sem hann ætlar að vera í námi?

Dæmi 2:

Einstaklingurgleymir að sækja um námsstyrk fyrir haustönn en sækir um fyrir vorönn og og hefur uppfyllt námsframvindukröfur. Getur hann sótt um styrkinn fyrir haustönn aftur í tímann?

Athugasemd nr. 5

4. mgr. 11. gr. – Hámarkstími

Styrkurinn er veittur í fimm ár að hámarki sem samsvarar 300 ECTS-einingum efnámsmaður nærávallt fullum námsárangri. Styrkurinn er veitturað hámarki í 45 mánuði óháð því hvort veittur er fullur styrkur á hverju missiri eða hlutfallslegur. Þetta þýðir að námsmenn þurfa að skila fullum námsárangri, 30 ECTS-einingum á hverri önn til þess að fá fullan styrk. Þetta fyrirkomulag myndar hvata til þess að skila fullum námsárangri á missiri og ljúka þar með námi á tilsettum tíma.

Hins vegar geta verið ýmsar ástæður fyrir því að fólk hafi ekki tök á fara í fullt nám á hverri önn. Sem dæmi má nefna þá sem eiga ekki jafn auðvelt með að læra og aðrir og kjósa að taka færri einingar en sem nemur fullum námsárangri á missiri. Einnig er algengt að konur annaðhvort fresti eða minnki við sig í námi ef þær eignast barn á meðan námi þeirra stendur. Fullur styrkur upp á 65.000 kr. á mánuði miðar við fulla námsframvindu sem er skv. Úthlutunarreglunum 2015-2016 30 ECTS-einingar og lágmarks-námsframvinda samkvæmt reglunumeru 22 ECTS-einingar. Styrkurinn lækkar íréttu hlutfalli við námsárangur frá fullri námsframvindu að lagmarksnámsframvindu, sem þýðir að ljúki námsmaður einingum undir 22 ECTS-einingum á hann ekki rétt á styrk. Ljúki námsmaður ávallt 22 einingum á missiri tekur það hann fjögur ár að ljúka bakkalágráðu sem þýðir að hann gæti notið námsstyrks í eitt ártíl að taka meistaragráðu.

Dæmi 1:

Nemandi A sem ætlað að ljúka grunnámi á fjórum árum tekur 22 ECTS-einingar á hverri önn í sjö annir og 30 ECTS einingar á einni önn. Á þessum tíma fær hann 47.667 kr. á mánuði í 7 annir og 65.000 kr. í eina önn, eða 1.794.000 kr. samtals á þessum fjórum árum.

Á sama tíma skilar nemandi B fullnægjandi námsframvindu í grunnámi og lýkur 30 ECTS-einingum á önn og útskrifast á þremur árum. Ef hann fer í meistaránám og skilar fullnægjandi námsrárangri fyrsta árið hefur hann fengið á fjórum árum 65.000 kr. á mánuði sem nemur 2.340.000 kr. samtals í styrk.

Þarna sést að nemandi A „missir af“ 546.000 kr. í styrk á einu ári vegna þess að hann útskrifast úr grunnámi á lengri tíma en nemandi B.

Dæmi 2:

Ef nemandi er í 24 ECTS-einingum á einni önn og á móti 36 einingum á næstu önn og útskrifast á réttum tíma þá er hann að missa hluta af styrknum á fyrri önninni þó að hann taki einingarnar upp á næstu önn og ljúki náminu á réttum tíma. Hann fær 52.000 kr. á mánuði fyrri önnina og þar sem full námsframvinda er 30 ECTS-einingar á önn, fær hann bara 65.000 kr. á mánuði fyrir seinni umrædda önn. Vegna þessa missir nemandinn af tæplega 58.500 kr. af styrknum.

Þó að styrkurinn sé hvati fyrir námsmenn að ljúka fullnægjandi árangri á réttum tíma og það sé mikilvægt markmið að stefna að styttri meðalnámstíma námsmanna á Íslandi verður að skoða þessi tilfelli betur. Hér er búið að skerða rétt ákveðins hóps og möguleika þeirra á að njóta hámarks námsstyrks frá íslenska ríkinu.

Athugasemd nr. 6

12. gr. – Almenn skilyrði og hámark námslána og 14. gr. – Lán fyrir skólagjöldum

Samanlöggð heildarfjárhæð námslána sem sjóðurinn lánar hverjum einstaklingi til framfærslu og skólagjaldar má að hámarki vera 15 milljónir króna samkvæmt 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þá segir í 1. mgr. 14. gr. að hámark skólagjaldar á hvern lántaka skuli vera ákveðið í úthlutunarreglum. Í úthlutunarreglum 2015-2016 er samanlöggð heildarupphæð sem hægt er að fá til skólagjaldalána 3.500.000 kr. vegna náms á Íslandi.

Hámarksfjárhæð á lán getur heft námsfrelsi nemenda og veltir SFHR fyrir sér hvort slíkt ákvæði sé óþarf. Ef hámarksfjárhæð er á heildarfjárhæð námslána leggur SFHR til að skólagjaldalán sé ekki takmarkað við ákveðna fjárhæð heldur hafi einstaklingur val um hvernig hann ráðstafar láni upp að 15 milljónum króna, sbr. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Þá hefur einstaklingurinn sveigjanleika og getur metið miðað við aðstæður hvers konar lán hann þarf á að halda þ.e. hærri skólagjaldalán eða hærri framfærslu og getur því sótt um hærra skólagjaldalán en núgildandi úthlutunarreglur segja til um.

Einniggerum við athugsemd við að hámarksfjárhæðin í 12. gr. frumvarpsins sé ekki vísitölutengd þ.e. ekki er tekið fram hvort að fjárhæð hennar taki breytingum í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs eða tengingu við gengigjaldmiðla ef um er að ræða nám erlendis. Það er sérstakt er að

setja lögbundið hámark á fjárhæð heildarlána án þess upphæðin taki breytingum í réttu hlutfalli við vísitölu.

Athugasemdir nr. 7

16. gr. – Lánakjör

Í 2. mgr. 16. gr. segir: „Vextir af lánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hvert skólaár skulu vera 2,5% að viðbættru á lagi sem jafngildir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Álag skal ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs.“ Í athugasemdum við 2. mgr. 16. gr. segir: „Miðað við núverandi mat á forsendum frumvarpsinsum lánakjör og endurgreiðslufyrirkomulag er gert ráð fyrir að afföll námslána verði um 0,5% árlega, sem skal þó endurskoða í úthlutunarreglum fyrir hvert skólaár“.

SFHR gerir athugasemdir við þessa heimild sem stjórn LÍN er veitt við ákvörðun vaxta. Orðalagið er opið og stjórninni í raun veitt heimild til þess að hækka vextina, svo lengi sem vísað er í afföll sjóðsins, án þess að það sé þak á hæstu mögulegu hækkun vaxta líkt og er í nágildandi lögum nr. 21/1992 þar sem segir í 5. mgr. 7. gr. „Vextir af lánum sjóðsins skulu vera breytilegir en þó aldrei hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar.“ Ef stjórnin hefur heimild til þess að hækka vextina án þess að það sé sett hámark getur verið það leitt til þess að lánakjör sjóðsins verði ekki „toluvert hagstæðari en lánakjör sem almennt bjóðast á lánamarkaði til einstaklinga“ líkt og segir í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins. SFHR leggur því til að halda í nágildandilög nr. 21/1992 svo að heildarvextirlánanna geta ekki verið hærri en 3%.

Athugasemdir nr. 8

27.gr. – Staðgreiðsla og félagsgjöld

Í frumvarpinu er ítrekað talað um þjóðhagslega hagkvæmni og þjóðhagslegan ávinning og að við endurskoðun námslánakerfisins sé lögð áhersla á að hvetja til bættrar námsframvindu nemenda, m.a. með námsstyrkjum sem háðir eru kröfum um námsframvindu. Sem dæmi má nefna:

„Það er bæði mikilvægt fyrir nemendur og þjóðhagslega hagkvæmni að nemendur stundi samfellt nám.“

„Meðalaldur námsmanna við útskrift er mun lægri annars staðar á Norðurlöndum. Eftir miklu erað keppa þar sem reikna má með aukinni þjóðhagslegri hagkvæmni fyrir hvert ár sem námsmenn eru yngri við útskrift.“

„Felst þjóðhagslegur ávinningur í því að auka skilvirkni í skólakerfinu. Aukna skilvirkni mætti nýta til að auka þjónustu við nemendur og auka gæði kennslunnar. Annan þjóðhagslegan ávinning mættimeta í væntum skatttekjum fyrir þann tíma sem nemendur ljúka fyrr námi, þ.e. greiðslu tekju- og neysluskatta, og hefur hann verið metinn á a.m.k. 3 milljarða kr. árlega.“

„Markmið breytinga á lögunum er að tryggja aukið réttlæti og gegnsæi við úthlutun styrkja, skapa fyrirsjánleika fyrir námsmenn og lánasjóðinn og hvetja til bættrar námsframvindu. Var í útreikningum gert ráð fyrir a.m.k. 10% aukinni skilvirkni sem felur í sér að fleiri eigi möguleika á að njóta námsstyrkjanna sem aftur skilar sér í minnkuðum lántökum til framtíðar litið. Þá er ótalinn sá þjóðhagslegi ávinningur sem felst í styrttri námstíma, en hann er metinn á a.m.k. 3,1 milljarður kr. árlega.“

„Fyrirkomulaginu er ætlað að mynda hvata til að skila fullum námsárangri á missiri og ljúka þar með námi á tilsettum tíma. Þjóðhagslegur ábati af bættri námsframvindu er óumdeilanlegur og vert markmið að stefna að styrti meðalnámstíma námsmanna á Íslandi.“

Í 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda eigiekki við um greiðslur námsaðstoðar. Í athugasemnum við 27. gr. segir að greiðsla námsstyrkja verði undanþegin staðgreiðslu, en um tekjuskattskyldu fari eftir tekjuskattslögum nr. 90/2003.

Markmiðið með styrknum er m.a. að hvetja nemendur til að ljúka námi á réttum tíma. Beini styrkurinn á að vera jafnari og óháður skuldsetningu og getur heildarstyrkur numið 2.925.000 kr. miðað við fulla námsframvindu. SFHR vill vekja athygli á því að það dregur verulega úr gildi námsstyrksins þegar námsmenn þurfa að greiða hluta af styrknum frá ríkinu, afturtil ríkisins, í formi tekjuskatta. Skattfjáls styrkur væri enn meiri hvati fyrir nemendur til þess að ljúka fullri námsframvindu á hverju misseri og ljúka þar með náminu á réttum tíma. Í þessu samhengi má benda á að nemendur sem hafa verið að vinna með námi geta unnið minna eða ekkert og fengið styrkinn frá ríkinu.

Athugasemd nr. 9

36. gr. – Lokun skuldabréfa

Nemendur sem hafa tekið lán hjá sjóðnum hafa gengið út frá forsendum núverandi lánasjóðskerfis þegar þeir hefja nám sitt. SFHR leggur áherslu á að það bitni ekki á núverandi lántökum að gerðar eru breytingar á sjóðnum. Nemendur ættu að hafa val um í hvaða kerfi þeir ljúka námi sínu. Því ætti ekki að loka öllum skuldabréfum eins og lagt er til samkvæmt 1. mgr. 36. gr. frumvarpsins, heldur gefa einstaklingum valum að loka skuldabréfisínu og opna þá nýtt skuldabréf í samræmi við nýja kerfið eða að ljúka námsferli sínum samkvæmt núgildandi lögum.

Í frumvarpinu eru umfangsmiklar breytingar m.a. á fyrirkomulagi á endurgreiðslum og vöxtum sem geta haft neikvæð áhrif á nemendur sem hafa tekið lán hjá sjóðnum og enda með lán í báðum kerfum. Þetta eykur flækjustig og hætta er á að þetta bitni á fjármálavitund þeirra. Námslán á 1% vöxtum verður að námslán sem ber 3% vexti, en enga styrki. Endurgreiðslubreytingin í 31. gr. frumvarpsins úr árlegum endurgreiðslum sem eru í tvennu lagi samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna; annars vegar er föst greiðsla, sem innheimt er á fyrri hluta ársins, óháð tekjum og hins vegar er viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs. Endurgreiðsla á seinna láninu er jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Þetta leiðir til þess að tveimur árum eftir námslok er fólk að greiða af lánum sínum í tveimur mismunandi kerfum.

Samantekt

Í þessari umsögn var farið yfir þær greinar sem SFHR fannst þurfa nánari skýringar á eða taldi vert að gagnrýna. SFHR telur þetta frumvarp vera stórt skref í rétta. Lengi vel hefur skort á að viðunandi hvatakerfi væri fyrir stúdenta hér á landi. Hinsvegar þarf að skoða marga þætti frumvarpsins og er það í núverandi mynd, langt ífrá fullkomíð, en SFHR styður áframhaldandi vinnu að frumvarpinu.